

Sveitarfélagið Garður
Páll Svavar Pálsson,
byggingarfulltrúi
Sunnubraut 4
250 Garður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 12. nóvember 2014
Tilvísun: UST20141000016/ksj

Tillaga að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs 2013 - 2030

Vísað er til erindis bæjarstjóra Sveitarfélagsins Garðs er barst 2. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs 2013 - 2030.

Skógræktar- og landgræðslusvæði

Auk þeirra atriða er fram koma í skilmálum vegna skógræktar vill Umhverfisstofnun minna á reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000, en skv. 10. gr. hennar er öll ræktun útlendra tegunda hér á landi óheimil á friðlýstum svæðum og á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar skv. 37.gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfisskýrsla

Atvinnusvæði í tillögu að skipulagi

Í umhverfisskýrslu þar sem fjallað er um atvinnusvæði og höfnina, kemur fram að styrkur saurkólígerla við höfnina hafi mælst yfir mörkum og að gert er ráð fyrir að lengja útrásina til að ná betri þynningu á fráveitu. Að mati Umhverfisstofnunar ættu markmið um bætta útrás fráveitu að vera tímasett.

Viðauki 1

Í umfjöllun um sjó og strandlengju í atriði 1.4 í viðauka eitt er spurning um fjölda surgerla við strandlengjuna við Garð. Þar er nefnt sem viðmið Rannsóknarskýrsla UST um surgerlamengun við strandlengjuna í Garði. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin vaktar ekki surgerlamengun en það gerir Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja. Heilbrigðiseftirlitið heldur úti sjósýnatöku ársfjórðungslega og birtir niðurstöður á heimasíðu eftirlitsins.

Einnig bendir Umhverfisstofnun á að samráð vegna mengunar saurgerla við strandlengjuna í Garði þarf að vera við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja.

Að mati Umhverfisstofnunar ætti að koma fram sem viðmið við atriði 1.4, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp m.s. breytingum.

Virðingarsyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur